

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir á veitusvæði Hitaveitu Dalvíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Stjórn hitaveitu.

Hitaveita Dalvíkur er eign Dalvíkurbæjar og skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með eigin reikningshaldi undir yfirstjórn bæjarstjórnar Dalvíkur. Skulu reikningar hennar fylgja reikningum bæjarsjóðs Dalvíkur til endurskoðunar og samþykktar.

Bæjarstjórn kys 5 manna veitunefnd til að annast daglega stjórn veitunnar og ræður, að fenginni umsögn veitunefndar, veitustjóra, sem annast daglegan rekstur hennar.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Dalvíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnar-umdæmis Dalvíkur sbr. 1. gr.

Bæjarstjórn getur þó að fenginni umsögn stjórnar Veitustofnana heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum.

4. gr.

Utanhússlagnir.

Bæjarstjórn getur gert þeim sem húseign á, við götu eða veg þar sem dreifið hitaveitu liggur, skylt að láta tengja hitakerfi hússins við hitaveituæðina.

Nú fullnægir hús ekki þeim skilyrðum, sem sett eru í skipulagssamþykktum, byggingar-samþykktum eða reglugerðum og getur þá veitunefnd ákveðið að húsið skuli ekki tengt hitaveitunni.

5. gr.

Hitaveita Dalvíkur lætur leggja allar utanhússlagnir, aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús sbr. þó 2. mgr. 3. greinar. Eigi er hitaveitunni skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin eða lóð ekki tekin í rétta hæð. Heimilt er hitaveitunni að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í ný byggðahverfi, í skilmála þá er fylgja lóðarúthlutun.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaraust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir vatnsmæla eða hemla og annað tilheyrandi tengingu við veituna skv. reglugerð um hitalagnir, þar skal vera niðurfalið í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitunnar.

Ef inntak hitaveitu og vatnsmælir eða hemill eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin.

6. gr.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum inn fyrir vatnsmæli eða hemil.

7. gr.

Afnót hitaorku.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur um hitakerfi húsa. Óski hitaveitan ekki eftir því að nota slíkt afrennslisvatn, getur veitustjóri heimilað notkun þess til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum gangstígum o. s. frv. þar til öðruvísi verði ákveðið. Slík notkun skal samt ekki leiða til óeðlilegrar vatnsnotkunar miðað við árstíma, á því húsnæði sem vatn í gegnum hemil er selt til.

Veitustjóri getur þó, að fengnu samþykki veitunefndar og bæjarstjórnar afturkallað slík leyfi ef talið er að hitaveitan þurfi á vatninu að halda.

Húseigandi skal sjá um að leiða afrennslisvatnið í frárennsliskerfi hússins.

Stjórnbúnaður hitakerfis húsa skal vera það góður að hitastig afrennslisvatnsins frá kerfi hússins sé ekki hærrí en 35°C. Veitustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði varðandi eldri hitakerfi, en við það skal miða að hitastig afrennslisvatns sé að jafnaði ekki herra en 40°C.

Uppfylli notandi ekki ákvæði um nýtingu heita vatnsins getur veitustjóri látið setja upp búnað á frárennslislögnina, sem tryggir að afrennslisvatnið fari ekki heitara en 35°C frá kerfi hússins á kostnað húseiganda.

8. gr.

Sú hitaorka, sem hitaveitan lætur í té er ætluð til upphitunar húsa og almennrar heimilisneyslu.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn til nota innan húss við greiningu þá, sem til þess er ætluð.

Kranavatn skal látið í té samkv. eftirfarandi meginreglu:

Peir sem kaupa 1 ltr. af ofanvatni fá til viðbótar 5—6 ltr. af kranavatni. Fyrir hvern viðbótarlítra af ofanvatni lækkar kranavatnsviðbótin um 0,5 ltr.

Nú kemur fram ósk um að nota hitaorku til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild veitunefndar.

9. gr.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiaðum sé ávallt nægilegur.

10. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum á veitunni vegna rafmagnsbilana, frosta eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða veitunnar sjálfar. Ætíð skulu rennslistrufanir auglýstar ef við verður komið.

11. gr.

Húseigandi skal sækja um tenginu húss síns við veituna á sérstök eyðublöð, sem skrifstofa hennar lætur í té.

Uppdráttur af hitakerfi hússins skal gerður af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða öðrum þeim er löggildingu hafa hlotið og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Við útreikning hitakerfa skal gera ráð fyrir $\Delta t = 30$ reiknað skv. staðli ÍST-66 um kólnunartölur bygginga, og afköstum miðstöðvarofna skv. ÍST-66 1 um prófanir miðstöðvarofna.

Ef uppdráttir eru ekki til af gömlum hitalögnum, sem breyta á, getur veitustjóri krafist þess, að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt telst, og ber húseigandi allan kostnað af því. Veitustjóri skal samþykkja og árita uppdrátti af hitakerfum húsa. Áritaður uppdráttur skal jafnan vera á vinnustað. Með áritun tekur veitustjóri enga ábyrgð á því að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Brot á þessu ákvæði varðar þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann er hleypir vatninu á og hinn löggilta pípulagningameistara er sá um tenginu hússins.

12. gr.

Eftirlit.

Veitustjóri eða eftirlitsmaður hans skal hafa eftirlit með því að tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar hitaveitu er hleypt á hitakerfi og skal þá ganga úr skugga um að kerfið hitni jafnt og edlilega, með mælingum á frárennslshitastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum, einnig skal tryggja að stjórnþæki starfi edlilega.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

Eftirlitsmaður veitustjóra skal jafnan hafa frjálsan aðgang að hitalögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta honum í té allar upplýsingar er máli geta skipt um hitun hússins. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjar ráðstafanir til varnar misnotkun heita vatnsins.

13. gr.

Dælar á heimæðum.

Óheimilt er að tengja dælar, forhitara eða neysluvatnshitara, nema leyfi veitustjóra sé fyrir hendi, og skal þá frágangur tækjanna vera samkvæmt fyrirmælum hans.

14. gr.

Öryggislokar o. þ. h.

Á öllum hitakerfum tengdum hitaveitu skal vera hitamælir á útrennsli, þrýstimælir og öryggisloki, staðsett samkvæmt fyrirmælum veitustjóra.

Á hitakerfum, tengdum dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirka loka á afrennsli sem halda hæfilegum þrýtingi á hitakerfinu skv. nánari fyrirmælum veitustjóra, og er honum heimilt að innsigla mótþrýstiloka og þrýstijafnara.

15. gr.

Sala hitaorku.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð hemla og rennismæla sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar. Hemlar og mælur þessir eru í eigu og umsjá veitunnar og ber húseiganda að tilkynna tafarlaust, er vart verður bilana á þeim. Nú verður hemill eða mælir fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun, sama gildir, ef hemill eða mælir eyðileggst af völdum frosta. Ef maður rifur innsigli hemils eða mælis, eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum. Notandi hemils eða mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Skal notandi bera ábyrgð á honum svo og vatnsnotkun hitakerfisins þar til hann lætur af notkun hans og hefur sagt notkun upp eða tilkynnt flutning.

Uppsögn eða flutning skal tilkynna á skrifstofu Dalvíkurbæjar með hálfmánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun hemils eða mælis að mesta skekkja sé 5% eða minni er heimilt að gera notendum að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og leiðréttan reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en 2 mánuði nema notandi geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

16. gr.

Nú er tengingu heimaæðar lokið og er þá heimæðargjald gjaldkræft. Neyslugjöld verða krafín mánaðarlega skv. nánari ákvæðum gjaldskrár þó er heimilt að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Heimilt er að áætla vatnsnotkun notanda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjör-reikningur, enda getur notandi krafist aukaálesturs og uppgjör miðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar á hitaorku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til. Gjaldalagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 20 daga frá útsendingardegi reiknings.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með viðvörun, sem send er út með 3ja daga fyrirvara.

Sá, sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

17. gr.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en heimilt er, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tenginu þannig að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla það vatnsmagn, sem notað hefur verið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir það verð eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðustu skoðun (aflestri). Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun má miða við hámarksrennsli það er runnið getur til kerfisins um hemil eða mæli þegar að er komið.

Við endurtekið brot skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

18. gr.

Refsiákvæði.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem veitustjóri hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er veitustjóra þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkur er hér með staðfest skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um Hitaveitu Dalvíkur frá 11. desember 1970.

Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.

Sverrir Hermannsson.

Páll Flygenring.

21. maí 1984

Nr. 250

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

RAFORKUGJÖLD

A. Almennir taxtar

A. 0	Verð á rafmagni til heimilisnotkunar:	
	Orkugjald	4,20 kr/kwh
	Fast gjald	1 200,00 kr/ár
A. 1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	4,20 kr/kwh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár
A. 2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
	Orkugjald	6,25 kr/kwh
	Fast gjald	3 290,00 kr/ár

B. Aftaxtar.

B. 1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
	Orkugjald	1,90 kr/kwh
	Aflgjald	4 900,00 kr/kw ár
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafli 30 kw.	
	Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.	
	Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélarnotkuninni.	
B. 2	Verð á rafmagni við viðhald úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald	8 960,00 kr/kw ár
	Viðhaldsgjald	9 440,00 kr/kw ár
	Gjald samtals	18 400,00 kr/kw ár